

Rammaáætlun
c/o Orkugarður,
Grensásvegi 9,
108 Reykjavík

ATHUGASEMDIR
við
2. ÁFANGA RAMMAÁÆTLUNAR

Í aðdraganda rammaáætlunar

Árið 1996 var rammaáætlun um náttúruverðmæti Íslands í brennidepli í Náttúruverndarráði þótt umræðan hefði verið í mótun í ráðinu í allt að því áratug. Undirritaður átti sæti í ráðinu sem var einhuga um þörfina á því að veða og meta náttúruauðæfi landsins svo taka mætti faglega og skynsama ákvörðun um verndun þeirra og velja virkjanakosti í framhaldi.

Hugmyndin var sú að Náttúruverndarráð í samráði og samvinnu við fagstofnanir myndi stýra verkinu og leggja þannig höfuðáherslu á að vernda þjóðararf og vistkerfi Íslands. Ráðið hafði boðið til sín norskum embættismönnum til að kynna aðferðafræði Norðmanna við rammaáætlun um verndun og nýtingu náttúru Noregs sem var sett á laggirnar eftir þeirra dapurlegu “Kárahnjúkavirkjun”, Alta-virkjun á Finnmörku. Þá kaus þjóðþingið að halda friðinn í norsku samfélagi og að verndun náttúru skyldi metin að verðleikum til jafns við aðra tegund nýtingar; nóg væri komið af átökum í norsku samfélagi.

Þáverandi umhverfisráðherra, Guðmundur Bjarnason, óskaði aldrei eftir upplýsingum eða samráði við Náttúruverndarráð um þetta brýna stjórnþeki sem rammaáætlun á að vera. Skyndilega og án viðræðu við Náttúruverndarráð tilkynnti iðnaðarráðherra, Finnur Ingólfsson, að ráðuneyti hans ætlaði að láta vinna rammaáætlun um nýtingu vatnsafls og jarðvarma til langs tíma og ljúka þeirri vinnu fyrir árslok 2000.

Öllum þeim er eitthvert skynbragð báru á umsvif náttúruvísindanna og flókin úrvinnsluefni þeirra var ljóst að þarna var pólitískt bellibragð á ferðinni. Þessi snögga tileiknun þáverandi iðnaðarráðherra á verkefninu kom þeim sem upphaflega áttu hugmyndina og unnu að henni á óvart. Grunsemdir vöknudu um að verið væri að uppfylla kröfu um rammaáætlun til málamynda og slá ryki í augu almennings, ef ekki stjórnámálanna líka. Áhersla ríkisstjórnar og þáverandi iðnaðarráðherra á nýtingu bar keim af þeirri græðgishyggju sem þá var að grafa sér leið um gervallt íslenskt samfélag – *maður – nýting – náttúra* – að leggja höfuðáherslu á virkjanir fyrir yfirþjóðlega stjóriðju á meðan þjóðararfurinn var aukaatriði.

Fyrsti áfangi rammaáætlunar reyndist hraðsuða en blessunarlega á Ísland marga afbragðs náttúrufræðinga. Skýrslu vinnuhópsins var skilað áður en ákvörðun var tekin um Kárahnjúkavirkjun og niðurstaðan var ótvírætt sú að Þjórsárver og Kárahnjúkasvæðið reyndust verðmætustu náttúrugræðingarnar. Þessa niðurstöðu mátti vinnuhópurinn hins vegar ekki gera opinbera og skilaði henni til iðnaðarráðherra sem þá var Valgerður Sverrisdóttir. Iðnaðarráðherra, líkt og fyrirrennari hennar, lét sér í léttu rúmi liggja lýðræði, opna umræðu og vandaða stjórnsýslu og læsti þennan Fyrsta áfanga

rammaáætlunar niður þar til Kárahnjúkavíkjún var í höfn á Alþingi. Á sama tíma læsti orkumálastjóri, Þorkell Helgason, niður mjög svo alvarlegar athugasemdir og varnarorð Gríms Björnssonar jarðeðlisfræðings til Alþingis Íslendinga um ógnina af Kárahnjúkastíflu.

Rammaáætlun eftir Hrunadans íslensks samfélags

Engin norræn þjóð hefur áður misst mannorð sitt líkt og Íslendingar hafa gert. Álitshnekkurinn er ekki aðeins vegna banka- og efnahagshruns heldur andvara- og getuleysis fyrrverandi stjórnvalda og Alþingis og grasserandi spillingar í stjórnsýslu landsins. Tími endurbóta og vonar er hafinn þótt hægt miði, og þá væri eðlilegt að reyna að draga úr átökum í samfélaginu í stað þess að efna til nýrra áður óþekktra átaka sem Rammaáætlun 2 býður upp á.

Norðmenn eru skynsamir. Þeir vilja frekar frið í samfélaginu en átök. Þegar þeir sömdu sína rammaáætlun höfðu þeir gengið í gegnum hatrömm átök vegna virkjana og náttúruspjalla. Skynsamir og heilir menn réðu för og þjóðþingið var einhuga um að Norðmenn myndu ekki deila stöðugt um náttúru sína og nytjar. Náttúruvernd var friðardúfan.

Á Íslandi virðast önnur lögmál gilda. Íslendingar vilja helst ekki læra af reynslunni, ekki einu sinni biturri. Jafnvel eftir gríðarleg átök í samfélaginu til að verja land og þjóðararf fyrir stjórnvöldum og stóriðju; eftir kollsteypu íslensks efnahags sem stjórnámálemenn stýrðu frá upphafi virðist enn eiga blása til stóráttaka um náttúru Íslands og auðlindir.

Við sitjum enn í súpu óheilinda, skuldug upp fyrir haus vegna óráðsú stjórnvalda og Alþingis með eignir almennings, ofuráherslu á virkjanir og stóriðju en hún var einn helsti spennuhvatinn í efnahagskerfinu og þar með orsakavaldur að hruninu samkvæmt Rannsóknaskýrslu Alþingis. Og þegar lítið er á verklag og niðurstöður Faghóps III og IV í Rammaáætlun 2 er ljóst að átök eru fyrsti valkostur. Lítið hefur lærst.

Í augum umheimsins

Síðan þessar glannalegu æfingar með íslenska þjóð og þjóðarhag fóru fram hefur álit umheimsins á Íslendingum verið á einn veg: Á öllum sviðum efnahagsmála erum við ýmist taldir skussar og aðhlátursefni eða þrjótar, en það er ekki nóg. Í mikilvægustu málefnum heimsins, umhverfismálum, höguðum við okkur sem illa upplýstir skúrkar leitandi eftir undanþágum frá öllum tilraunum alþjóðasamfélagsins að koma böndum á hlýnun Jarðar. Þessi afstaða breyttist á Kaupmannahafnarráðstefnunni 2009 og verður að teljast til meiri háttar viðsnúnings í hnattrænni hugsun hjá íslenskum stjórnvöldum íslenskri þjóð til sóma.

Sjálfbærni byggir á mörgum þáttum sem varða umhverfi, hagkerfi og samfélag. Þessi nauðsynlega samfélagssýn hefur verið trufluð vegna óstjórnar og langvarandi pólitískra átaka stjórnvalda við þegna sína. Orkufyrirtækin hafa nærst á þessum átökum og fitnað á bitanum og Landsvirkjun neytti aflsmunar og eyddi óhemju fjármunum skattborgaranna í

auglýsingahernað til að kynda undir ófriðinn og fegra ímynd sína. Ráðherrar og fleiri stjórnarliðar neyttu tækifæris og níddu niður samtök almennings í náttúruvernd og einstaklinga sem voguðu sér að andmæla áformum iðnaðarráðuneytis og Landsvirkjunar um náttúruvíg.

Ísland er þekkt fyrir fegurð sína, fjölskrúðuga náttúru, fisk, bókmenntir, eldgos og ösku – en líka spillingu, efnahagshrun og glæpsamlega bankastarfsemi. Ísland er ekki þekkt fyrir gríðarleg orkutækifæri, mikil fallvötn og endalaus jarðhita, miklu fremur eru Íslendingar álitnir gjafmildir kjánar þegar kemur að orkusölu. Hið ímyndaða orkustórveldi Íslands eru smámunir á heimsvísu og rök um að álverksmiðja á Íslandi spari svo og svo mikið í losun gróðurhúsalofttegunda er raus heimalninga sem vita ekki hvað um er að vera erlendis. Kínverjar virkja stórt og eru langt komnir með að deyða allar ár í Kína og strandsjóinn líka. Þeir halda samt áfram og orkan er m.a. notuð í álver. Hvað skyldi sparast í losun gróðurhúsalofttegunda með álveri sem er byggt á Íslandi í stað álvers í Kína sem drifið er áfram með orku frá vatnsorkuveri? Kannski formúlusmiðir í Faghópi III gætu reiknað það út. Á næstu áratugum munu þúsundir risavirkjana rísa í Suðaustur-Asíu og flestar í Kína en líka í Myenmar (Burma), Kambódíu, Lao(s) og Víetnam með hrikalegum afleiðingum fyrir vistkerfi og þar af leiðandi samfélög manna ef heldur sem horfir. En þótt við smöluðum öllum vötnum landsins í einn streng myndi hann ekki samsvara Mekongfljóti í orkugetu, hvað þá Jangzte. Við erum þó í þessari samkeppni og kostnaður okkar við að virkja er himinhár í alþjóðlegum samanburði. Reyndar er orkuæði Íslendinga enn ein birtingarmyndin af því mikilmennskubrjálæði sem þjóðin líður nú fyrir.

Kárahnjúkavirkjun var hernaður gegn náttúru, landi og fólki. Hún var byggð í skugga og skjóli alþjóðavæðingar, af útlendingum og fyrir útlendinga, og mamma borgaði. Hópsálinnar á Alþingi sem samþykktu Kárahnjúkagjörninginn í þágu yfirþjóðlegrar stóriðju báru fæstar skynbragð á vistfræði og náttúru Íslands og enn síður á hagsæld þjóðar, siðferði og félagsleg tengsl innan samfélagsins – eða kærðu sig kollótta.

Er það eitthvað sem æskilegt er að endurtaka?

Rammaáætlun 2 – ónýtt plagg?

Grunnhugsun við mótun rammaáætlunar í Náttúruverndarráði var sú að varðveita þjóðararf og nýta auðlindir Íslands skynsamlega. Rammaáætlun 1 var misnotuð í óvandaðri stjórnsýslu en hún var líka meingölluð vegna óeðlilegra áhrifa orkufyrirtækja á verkefninu. Með Rammaáætlun 2 var ætlunin að vanda betur til verka eftir innanlandsátök sem minntu helst á undanfara borgarastyrjaldar.

Íslensk umhverfis- og orkuyfirvöld hafa aldrei fyrr unnið heimavinnuna sína og skyldur sínar við þegnana með því að móta orku- og verndarstefnu þar sem fram kemur hver orkupörf landsmanna sé, hve mikið væri æskilegt að virkja á hve löngum tíma og síðast en ekki síst hvað við skulum vernda. Ofuráhersla á orkumál og óráðsúdraumar um fullvirkjun fallvatna hafa truflað skýra hugsun í meira en hálfa öld. Geti stjórnvöld hins vegar ekki mótað eðlilegar leikreglur sem þorri almennings sættir sig við grafa þau undan gildum samfélags svo og trausti og trúverðugleika á okkur sem þjóð.

Og hvernig hefur svo til tekist með Rammaáætlun 2?

Ég velti því alvarlega fyrir mér þegar ég renni yfir Rammaáætlun 2, einkum við skoðun Faghóps III og IV, hvort ætlunin sé að sprengja þessa þjóð endanlega; hvort enginn í hópunum hafi verið á varðbergi, hafi ekki lært neitt af ógnarmistöfum í stjórnsýslu og valdniðslu liðins áratugar. Einmitt þá átti rammaáætlun að vísa veginn en þegar fyrsti áfangi hennar var til umræðu var búið að ákveða að tvöfalda rafmagnsframleiðslu í landinu; búið að ákveða að fórna dýrmætustu svæðum landsins, öræfunum austan og vestan Snæfells, fyrir Kárahnjúkavirkjun svo og Þjórsárverum.

Ég undrast þann hroka sem birtist í vinnuþöggum Faghóps III og IV, þar sem málin eru túlkuð eins þröngt og unnt er til þess að fá **ekki** skýra heildarmynd. Þetta er beinlínis atлага að lýðræði og faglegum, vitrænum ákvörðunum.

Hvað er þá okkar starf í þúsund ár ef við ætlum að halda áfram á braut náttúruvígá, vistkerfaeyðingar og rústaðra náttúruþerla – í þeim sjúklega tilgangi að afla orku fyrir yfirþjóðleg fyrirtæki – því sú er niðurstaða Faghóps III og Faghópur IV leggur þjóðargersemarnar fram í fyrirframákveðnum talnaleyk? Verklag Faghóps III og IV er hólmganga gegn komandi kynslóðum og beint framhald af brjáluðum atgangi orkugeirans, verktaka og yfirþjóðlegu fyrirtækjanna gegn íslenskri náttúru og þjóð. Slík vinnubrögð eru vægast sagt varahugaverð – og þegar frá eru talin framlög Faghóps I og II þá er Rammaáætlun 2 ónýtt plagg, algjörlega óþóðlegt.

Þrátt fyrir þetta hef ég ennþá þá þjargföstu trú að vel unnin rammaáætlun sé afar mikilvægt tæki til að fara skynsamlega með þjóðararf og auðlindir, rétt eins og við ræddum um í Náttúruverndarráði forðum. Heilbriggt samfélag verður ekki ræktað og rekið með pólitísku offorsi og framkvæmdabryjalæði eins og á undanförunum áratug. Skýrar og sanngjarnar leikreglur, sem almenn sátt ríkir um, verða að vera í föstum skorðum og til þess var rammaáætlun upphaflega hugsuð. Síðan þá hefur mikilvægi hennar margfaldast, nú **verður** hún einnig að vera áætlun til sátta í þjóðfélagi í gjörgæslu.

Fyrsta skref til sátta verður að vera það að virða friðlýsingar samkvæmt Náttúruverndarlögum. Óþolandi er fyrir eina þjóð að friðlýsingar séu ávallt í uppnámi. Nauðsynlegt er að styrkja almenn friðlýsingarákvæði í lögum og stjórnarskrá – svo þingmenn geti ekki túlkað friðlýsingar út og suður eftir gamalgróinni hentistefnu. Friðlýsing á að vera varanleg. Annað er siðlaust og kallar á átök.

Í Rammaáætlun á ekki að vera svigrúm fyrir hugsanaflutning eða gælur við efnahagsleg áhrif á fjarlæggar byggðir þegar markmiðið er að vernda land og þjóðararf. Þar höfum ekki efni á örökstuddum æfingum sem valda fremur heiladoða en að þær skýri eitt eða neitt.

Þekking okkar á stóriðju og áhrifum hennar er í molum. Enn hefur ekki verið unnið úr skaðsemi Kárahnjúkavirkjunar á byggðir og atvinnustarfsemi á Austurlandi, á útflutningsgreinar á Íslandi og enn síður hefur verið unnin heildarúttekt á virkjun og iðjuveri á efnahag landsmanna. Pantaðar niðurstöður Hagfræðistofnunar HÍ standast ekki kröfur um vönduð vinnubrögð hvorki á efnahagslegum áhrifum stóriðju, á framtíðarhorfum þorsstofnsins né arðsemi hvalveiða. Öll sú slæga vinna kastar rýrð á Háskóla Íslands. Og þótt hagræn landafræði geti nýst til góðra hluta þá getur mönnum

ekki verið alvara með heimasmiðaðri formúlu um staðbundin áhrif virkjana á ólík landssvæði á Íslandi þótt vitnað sé í þyngdarlögmál Newtons. Einmitt svo. Stunduðu formúlusmiðir í III áfanga hugsanaflutning þegar þeir komust að þeirri niðurstöðu að áhrifin mætti meta með því að margfalda saman *Gígavattstundir á ári* og *íbúafjöldi*: deila í með *1,3 sinnum fjarlægð* („frá virkjunarstað að mannfjöldamiðju viðkomandi landssvæðis þar sem bein loftlína hefur verið lengd um 30%.“) *sinnum 3*? En þannig fæst víst niðurstaða og samanburður á áhrifum virkjanframkvæmda í hvaða Krummaskuði sem er. (*Rammaáætlun*. Niðurstöður faghópa bls. 54)

Lágmarkskrafa við framgang og mótun rammaáætlunar er sú að fólk vinni heiðarlega og af sömu einlægni og væntumþykju og það talar við börnin sín um mikilvægi íslenskrar náttúru og heilbriggt samfélag. *Gígavattstundir x íbúafjöldi* deilt með *fjarlægð = kílómetrum* er ansi ögrandi framsetning á bulli og óheiðarleika í vinnubrögðum sem grafa undan öllum trúverðugleika í samskiptum manna. Hvers vegna í ósköpunum sendi enginn í hópnum inn sérálit? Voru virkilega allir sammála um þessa aðferðafræði?

Eins og víða má lesa út úr Rannsóknaskýrslu Alþingis hefur siðleysi í starfsháttum valdhafa og Alþingis Íslendinga fremur verið regla en undantekning. Þessar forðum virðulegu stofnanir eru rúnar trausti og orkufyrirtæki landsmanna njóta álíka virðingar og bankar meðal þjóðarinnar. Varla verður komist að annari niðurstöðu en að fyrrum stjórnvöld hafi setið að svikráðum gagnvart þjóðinni árum saman þegar hagsmunir yfirþjóðlegrar stóriðju, Landsvirkjunar og verktaka, innlendra sem erlendra, voru teknir fram fyrir hagsmuni almennings á Íslandi; þegar þjóðararfur var afhentur erlendu auðmagni og þjóðarhagsmunir fyrir borð bornir í blindri gróðahyggju þar sem bankar og orka voru lausnarorðin.

Hvað er bitastætt í Rammaáætlun 2

Er unnt að nýta Rammaáætlun 2 til sátta og hefja endurheimt á trausti í íslensku samfélagi? Það má vissulega nýta vinnu Faghóps I enda stendur sú vinna fyrir sínu þótt lengri tími hefði eflaust verið æskilegur til að meta þennan mikla fjölda svæða að verðleikum.

1. Vilji stjórnvöld fara sáttaleið þá verða allar friðlýsingar að halda. Að auki verði sett lög nú þegar um friðlýsingu á svæðum með hátt náttúruverndargildi samkvæmt úttekt Faghóps I.
2. Ljóst má einnig vera að þau svæði sem eru lægst metin af Faghópi I eru mörg hver líkleg virkjanasvæði framtíðar svo sem til næstu 50 ára. Rétt er samt að endurskoða og yfirfara forsendur á mati hvers svæðis áður en endanleg niðurstaða er fengin.
3. Þau svæði sem lenda mitt á milli þeirra sem mest og minnst eru metin að verðleikum ætti að leggja í salt, læsa þau inni, og vinna enn betur að mati þeirra á næstu 20 árum með hagsmuni þjóðar og þjóðarvilja að leiðarljósi; í samræmi við alþjóðlega sáttmála sem Ísland hefur samþykkt og þá ekki síst dvínandi lífsgæða á Jörðu.

Guðmundur Páll Ólafsson 020641-3989